

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 414/2001 um flokkun og greiningu í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr.:

- a. Undir aðalsjóði bætist við málaflokkurinn 22 Breyting lífeyrisskuldbindinga.
- b. 5. mgr. orðast svo:
Um samantekin reikningsskil a og b hluta sveitarfélaga vísast til laga um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum, og reglugerðar, nr. 696/1996, um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

- a. Við bætist málaflokkur 22 Breyting lífeyrisskuldbindinga.
- b. Undir málaflokki 02 bætast við eftirfarandi rekstrareiningar:
02-41 Framlag til dvalar- og hjúkrunarheimila
02-42 Heimaþjónusta
02-43 Tómsundastarf
02-49 Annað
02-51 Liðveisla
02-52 Heimaþjónusta
02-53 Ferðaþjónusta
02-59 Annað
02-61 Áfengis- og vímuvarnir
02-69 Annað
- c. Undir málaflokki 03 bætast við eftirfarandi rekstrareiningar:
03-21 Heilsugæslustöðvar
03-22 Heilbrigðiseftirlit
03-29 Annað
- d. Undir málaflokki 04 bætast við eftirfarandi rekstrareiningar:
04-58 Styrkir til kennara
- e. Undir málaflokki 06 bætast við eftirfarandi rekstrareiningar:
06-26 Sumarnámskeið
- f. Undir málaflokki 10 bætast við eftirfarandi rekstrareiningar:
10-51 Götulýsing
10-59 Annað
- g. Undir málaflokki 11 bætast við eftirfarandi rekstrareiningar:
11-31 Skógræktarsvæði
11-39 Annað
- h. Undir málaflokki 20 bætast við eftirfarandi rekstrareiningar:
20-41 Félagslegt íbúðarhúsnæði
20-49 Annað íbúðarhúsnæði
- i. Undir málaflokki 28 bætast við eftirfarandi rekstrareiningar:
28-04 Gengismunur
28-14 Gengismunur

28-15 Fjármagnstekjuskattur.

3. gr.

3. gr. verður svohljóðandi:

Sú lágmarkstegund sem sveitarfélög skulu nota í bókhaldi og reikningsskilum sínum er skipt í eftirfarandi sjö höfuðtegundir:

0. Tekjur
1. Laun og launatengd gjöld
2. Breyting lífeyrisskuldbindinga
3. Annar rekstrarkostnaður
4. Afskriftir
5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld
6. Annað

Eftirfarandi höfuðtegundum skal síðan að lágmarki skipt niður í nokkrar undirtegundir, sbr. neðangreinda liði. Auk þess skulu sveitarfélög geta leitt fram með auðveldum hætti upplýsingar um viðskipti (innri tekjur og gjöld) milli einstakra rekstrareininga innan a-hluta sveitarsjóðs. Sveitarfélög eru ekki bundin af þeim númeralykli sem hér er tilgreindur en ráðuneytið og aðrir opinberir aðilar munu nota hann í úrvinnslu sinni á reikningsskilum sveitarfélaga:

Einstakar höfuðtegundir og undirtegundir

0 Tekjur

Á tegundagreininguna færast allar tekjur sveitarfélagsins. Lágmarkskrafa um greiningu á undirtegundir er eftirfarandi:

- 00 Skatttekjur
- 01 Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
- 02 Þjónustutekjur
- 03 Eignatekjur
- 04 Tekjur með skattaígildi
- 05 Vörur og þjónusta til eigin nota (milliviðskipti rekstrareininga)
- 06 Endurgreiðslur og tilfærslur
 - 061 Endurgreiðslur annarra sveitarfélaga
 - 062 Endurgreiðslur og tilfærslur ríkissjóðs
 - 063 Aðrar endurgreiðslur
- 07 Aðrar tekjur

1 Laun og launatengd gjöld

Á tegundagreininguna færast öll laun, launatengd gjöld, launaígildi og annar starfsmannatengdur kostnaður hjá sveitarfélaginu. Lágmarkskrafa um greiningu á undirtegundir í fjárhagsbókhaldi er eftirfarandi:

- 10 Laun
- 11 Áfallinn launakostnaður
- 12 Launaígildi
- 13 Launatengd gjöld
- 14 Annar starfsmannatengdur kostnaður

4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Á tegundagreininguna færast fjármunatekjur og fjármagnsgjöld sveitarfélagsins. Lágmarkskrafa um greiningu á undirtegundir er eftirfarandi:

- 40 Vaxta- og verðbótatekjur
- 41 Vaxta- og verðbóttagjöld

- 42 Tekjur af eignarhlutum
- 43 Gengismunur
- 44 Fjármagnstekjuskattur
- 45 Annað.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er á grundvelli 18. gr. reglugerðar nr. 944/2000, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. nóvember 2004.

Árni Magnússon.

Lárus Bollason.